



Minnisblað og tillögur (2) um breytingar á lögum um greiðsluaðlögun, gjaldprotaskipti, nauðungaruppboð, aðför og innheimtu

Á fundi ráðherranefndar um endurskoðun laga um greiðsluaðlögun o.fl. þann 15.9 s.l. lagði ASÍ fram minnisblað um æskilegar breytingar á þeim kafla gjaldprotaskiptalaga sem fjallar um almenna greiðsluaðlögun og tillögur um breytingar á lögum um nauðungarsölu, aðför og innheimtu. Á þeim fundi og á samráðsfundi félags-, viðskipta- og dómsmálaráðherra þann 16.9 kom fram, að nefndinni er ætlað að koma með tillögur í frumvarpsformi. Í þeim anda leggur ASÍ til að 10. kafla gjaldprotaskiptalaga verði breytt verulega og að lög um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðlána verði felld úr gildi. Jafnframt ítrekar ASÍ fyrri tillögur sínar sem lagðar voru fram í nefndinni 15.9 s.l. um breytingar á lögum um nauðungaruppboð, aðför og innheimtu sem allar miða að því að draga úr innheimtukostnaði og styrkja stöðu skuldara.

ASÍ hefur frá upphafi fjármálakreppunnar í október 2008 lagt áherslu á bráðaaðgerðir til hjálpar þeim heimilum sem verst hafa orðið úti í þessum efnahagsþrengingum. Ítrekað hefur komið fram í könnunum, bæði á vegum ASÍ, Seðlabanka og Hagsmunasamtaka heimilanna, að um fimmtungur heimila býr við mjög erfiðar aðstæður. Ljóst er að vandi þessara heimila getur verið flókin í eðli sínu og því ekki til nein ein allsherjar lausn. Mikilvægt er að leysa úr vanda þessara heimila með það að leiðarljósi að taka mið af eignastöðu þeirra og greiðslugetu þar sem gætt er jafnræðis milli heimilanna á þann hátt að tekið sé eins á samkynja vanda óháð lánaformi eða lánastofnun.

ASÍ leggur áherslu á, að forsenda þess að lögum um greiðsluaðlögun nái þeim árangri sem þeim er ætlað að ná, er að stjórnvöld vinni hratt og markvisst að úrlausn mála. Mikilvægt er að hafa í huga, að þessi hópur getur ekki beðið eftir aðstoð meðan tekist er á um hvaða leiðir séu færar til þess svara kröfum um almenn úrræði vegna forsendubrests í lánasamningum og nánast glæpsamlegrar lánastefnu bankakerfisins. Hér er því um algjört forgangsverkefni að ræða í þágu heimilanna, verkefni sem þolir enga bið. Það verður að svara þeirri kröfu almennings að hratt og vel verði leyst úr vanda þeirra fjölskyldna sem þegar eru komnar í fjárhagslega- og félagslega neyð sem og þeirra sem ljóst er að stefna í hana á næstu mánuðum.

Í því skyni leggur ASÍ áherslu á að lög um greiðsluaðlögun verði framkvæmd þannig að mæta megi verulegum greiðsluvandræðum a.m.k. 10 þúsund fjölskyldna á næstu mánuðum. Til þess að þetta megi takast þarf að gera greiðsluaðlögunarferlið fljótvirkara og notendavænna og veita verulegum fjármunum til þess og þeirra stofnana sem sjá um framkvæmdina.

Af þeim ástæðum er nauðsynlegt að stórefla Ráðgjafastofu um fjármál heimilanna og tryggja þar bæði mannafla og húsnaði til þess að hún valdi hlutverki sínu. Koma þarf í veg fyrir biðlista eftir þjónustu, rafvæða hana eftir megni og tryggja að enginn þurfi að kaupa sér þjónustu sérfræðinga til þess að leggja fram umsókn um heimild til greiðsluaðlögunar. Það er óþolandi að tugum og hundruðum milljóna króna sé varið til að standa vörð um hagsmuni kröfuhafa í gegnum skilanefndir, lögfræðinga og endurskoðendur á meðan takmörkuðu fé er varið til hjálpar heimilum í vanda.

Jafnframt verður að tryggja nægilegt fjármagn til þess að sýslumenn, einn eða fleiri geti alfarið tekið að sér umsjón með greiðsluaðlöguninni eftir að heimild til hennar er fengin. Samkvæmt gildandi lögum eru sjálfstætt starfandi umsjónarmönnum tryggðar kr. 200.000 í hverju máli og telja þeir það langt í frá duga til sem efalaust er rétt m.v. gjaldtöku upp á 12-15 þúsund pr. klukkustund. Þetta verklag er ekki einasta kostnaðarsamt heldur skapar það einnig óviðunandi réttaróvissu vegna ósamræmnds verklags og mismunandi lagatúlkunar. ASÍ leggur til að samhentur teymi undir verkstjórn og á ábyrgð tiltekins sýslumanns verði falið þetta verk. Ljóst er að fjármunum þarf að verja til þess að þetta verði gerlegt en ASÍ telur sparnaðinn til lengri tíma lítið gera meira en að veða þau framlög upp.

Til þess að hraða þessari vinnu, þannig að hægt verði að leggja fram frumvarp þegar í upphafi haustþings hafa þau frumvarpsdrög sem fylgja minnisblaði þessu verið samin með það í huga að greiðsluaðlögun verði heildstætt, fljótvirkt og skuldaramiðað úrræði sem m.a.

- taki jöfnum höndum á almennum skuldum og veðskuldum hvort heldur um er að ræða íbúðalán eða bifreiðalán
- að nauðungarsölur stöðvist þegar beiðni um heimild til greiðsluaðlögunar er lögð fram
- geti skilmálabreytt bæði fasteigna- og bifreiðaveðskuldum meðal annars þ.a. gengistrygging sé felld niður, gjalddögum fjölgað og lánstími lengdur
- geti skorið niður fasteignaveðskuldir þegar við staðfestingu greiðsluaðlögunar, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum
- að kröfuhafi sem ekki sætti sig við niðurskurð veðskulda umfram 100% veðþol eignar geti leyst eignina til sín gegn yfirtöku veðskuldbindinga eða með öðrum orðum að skuldari skili lykluðum að eigninni. Skuldari og fjölskylda hans geti engu að síður haldið afnotum eignarinnar í allt að 12 mánuði gegn greiðslu hæfilegs endurgjalds í formi húsaleigu
- tryggi að ef eign sú sem veðskuldir eru skornar af sé seld með hagnaði að raunvirði innan 5 ára frá afskrift skulda, skuli hagnaðinum skipt að jöfnu milli skuldara og kröfuhafa og einnig að greiðsluaðlögun megi taka upp á greiðsluaðlögunartíma ef skuldari efnast verulega á því tímabili
- geri ráð fyrir að eignir umfram þarfir megi selja enda sé þær seljanlegar
- sé notendavænt og einfalt í framkvæmd þó lagatextinn sé þungur
- að hið opinbera fjármagni og reki „skilaneindir“ heimilanna með því að
 - tryggja umsækjanda endurgjaldsloausa aðstoð við gerð umsóknar, rafrænt og hjá opinberri stofnun
 - tryggja endurgjaldsloausa umsjón með greiðsluaðlögun af hendi opinbers aðila

Jafnframt leggur ASÍ til að úr lögunum verði felldar ýmsar þær hindranir sem staðið hafa í veg fyrir virkni úrræðisins. Hindranir sem varða m.a. atvinnurekstur einyrkja sem eru skuldarar, enda sé lítill hluti skuldanna tilkominn vegna hans, öflun sérstakra yfirlýsinga frá kröfuhöfum um að önnur úrræði hafi verið reynd og ýmis ákvæði er varða huglæga afstöðu skuldara þá er til skuldanna var stofnað sem m.a. refska skuldurum skv. gildandi lögum fyrir að hafa fylgt ráðleggingum banka og lánastofnana.

ASÍ telur einnig fulla ástæðu til þess að sérstakir dómarmar verði skipaðir við héraðsdóm til þess að sinna þeim verkefnum sem lögin leggja héraðsdómstólunum á herðar og tryggja með þeim hætti einnig samræmda framkvæmd laganna. Álag á héraðsdómstólanna er þegar orðið meira en þeir fá ráðið við auk þess sem

Óásættanlegt er að beiðnir um heimildir til þess að leita greiðsluaðlögunar og endanleg afgangsla hennar stöðvist eða tefjist verulega meðan sumarleyfi standa yfir.

ASÍ telur einnig mikilvægt að samið verði einfalt og skýrt kynningarefni fyrir almenning um greiðsluaðlögun og það gert aðgengilegt í afgangslu opinberra stofnana, verslunum og almennt sem víðast.

Jafnframt verður að skipuleggja og halda námskeið fyrir starfsmenn félagsþjónustu sveitarfélaga og ýmissa almennasamtaka sem aðstoða einstaklinga og fjölskyldur í fjárhagsvanda.

23.9 2009

*Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ.*

Hjálagt:

1. Heildstæð tillaga um breytingar á 10 kafla gjaldþrotaskiptalaga.
2. Fyrra minnisblað sem geymir útfærðar tillögur um aðrar breytingar á gjaldþrotalögum og lögum um nauðungarsölu, aðför og innheimtulögum.